


Niðurstöður könnunar á viðhorfum íbúa Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og Raufarhafnar til flugþjónustu á svæðinu. Birt 29. febrúar 2024.

Skýrsla þessi gerir grein fyrir helstu niðurstöðum spurningakönnunar sem var gerð í samstarfi Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og SSNE til að kanna viðhorf íbúa á norðausturluta landsins til flugþjónustu á svæðinu. Könnunin var stutt og laggóð, eða 11 spurningar alls. Spurningalistann í heild má finna í viðauka 1.

Ástæða þess að farið var í að kanna þessi viðhorf íbúa svæðisins var að það styttest í að flugleiðin verði boðin út á ný og því talið mikilvægt að fá fram viðhorf íbúa til þjónustunnar, þá einkum flugleiðarinnar sjálfrar. Hér að neðan verður stuttlega farið yfir svör hvernar spurningar, auk þess sem reynt er að greina mun á svörum eftir búsetu.

Spurning 1 – Frá hvaða flugvelli flýgur þú oftast?


Flestir svarendur könnunarinnar sögðust fljúga frá Vopnafirði (97), næstflestir frá Þórshöfn (65), þar á eftir kom Egilsstaðaflugvöllur (51) og loks Akureyrar- (37) og Húsavíkurflugvellir (7) – sjá mynd 1. Langflestir þeirra sem nefndu Egilsstaðaflugvöll sögðust búa á Vopnafirði (45).



Mynd 1 – Frá hvaða flugvelli flýgur þú oftast?

Spurning 2 – Þegar þú flýgur frá Þórshöfn eða Vopnafirði, hvert er ferðinni oftast heitið?


Umtalsverður meirihluti svarenda þessarar spurningar sögðust vera á leið til Höfuðborgarsvæðisins (176). Næst á eftir kom Akureyri og nágrenni (56) en aðrir landshlutar fengu umtalsvert færri svör eins og sjá má á mynd 2 hér að neðan.



Mynd 2 - Þegar þú flýgur frá Þórshöfn eða Vopnafirði, hvert er ferðinni oftast heitið?

Spurning 3 - Hver er oftast tilgangur ferðar?


Stærstur hluti svarenda sagðist ferðast í þeim tilgangi að sækja lækniþjónustu (92). Þar á eftir kom heimsókn til ættingja eða vina (86). Þá voru þó nokkuð margir sem sögðust ferðast vegna vinnu (29) eða voru að fara í skemmti- eða menningarferð (25). Aðrar ástæður voru sjaldnar nefndar (sjá mynd 3). Þegar svör þeirra sem segjast fljúga oftast á Akureyri eru skoðuð eru svarendur oftast að sækja lækniþjónustu til Akureyrar, en næstflestir segjast vera að heimsækja vini og ættingja. Þeir sem segjast fljúga oftast til Reykjavíkur eru einnig að sækja lækniþjónustu, en þar eru fleiri ástæður nefndar – oftast er ástæðan þó lækniþjónusta eða að heimsækja vini og ættingja. Ákveðinn galli var á þessari spurningu hvað það varðar að ekki var hægt að velja fleiri en einn valmöguleika, en líklegt er að oft sé fólk að samnýta ferðir.



Mynd 3 - Hver er oftast tilgangur ferðar?

Spurning 4 – Hversu oft að meðaltali flýgur þú á ári?


Langflestir svarendur, eða rétt tæpur helmingur svarenda, sögðust fljúga að meðaltali 1-3 sinnum á ári. Um 34,5% sögðust fljúga 4-6 sinnum á ári að meðaltali



Mynd 4 - Hversu oft að meðaltali flýgur þú á ári?

Spurning 5 – Hver er megin ástæða þess að þú velur að fljúga í stað þess að keyra?


Langflestir svarendur segjast velja að fljúga í stað þess að keyra vegna tímasparnaðar eða að geta klárað á einum degi (189). Þar á eftir koma þægindi sem fylgja því að fljúga, og öryggið. Fæstir segja það vera ódýrara.



Mynd 5 - Hver er megin ástæða þess að þú velur að fljúga í stað þess að keyra?

Spurning 6 – Hver er megin ástæða þess að þú velur að keyra í stað þess að fljúga?

Það voru tvö svör við þessari spurningu sem stóðu upp úr, annars vegar að það væri ódýrara að keyra (100), en aðeins færri (86) sögðu það vera vegna þess að það væri gott að hafa bílinn á áfangastað. Aðrir nefndu óheppilegar tímasetningar á flugi eða annað.




Mynd 6 - Hver er megin ástæða þess að þú velur að keyra í stað þess að fljúga?

7. Myndirðu vilja halda fluginu eins og það er í dag eða fljúga beint til Reykjavíkur?

Það má segja að hér skiptist afstaða svarenda nánast í tvennt, en rétt rúmur helmingur svarenda vildi heldur fljúga beint til Reykjavíkur (130) á meðan örlítið færri vildu halda fluginu eins og það er, með millilendingu á Akureyri (111). Þá voru nokkrir sem nýttu möguleikann á að skrifa athugasemdir við þessa spurningu og var það almennt til þess að koma á framfæri þeirri skoðun að bjóða ætti upp á hvoru tveggja, t.a.m. tvisvar til Reykjavíkur en annars til Akureyrar. Þá var lagt til að flugið væri beint til Reykjavíkur en með millilendingu á Akureyri.


Þegar svörin voru greind niður á búsetu svarenda kom í ljós að svör þeirra sem bjuggu á Vopnafirði og í Langanesbyggð skiptust nánast alveg 50/50 milli þess hvort fljúga ætti beint til Reykjavíkur eða halda óbreyttu flugi eins og í dag til Akureyrar. Hins vegar vildu nánast allir svarendur sem bjuggu á Raufarhöfn fljúga beint til Reykjavíkur.



Mynd 7 - Myndirðu vilja halda fluginu eins og það er eða fljúga beint til Reykjavíkur?

Spurning 8 – Millilending á Húsavík í stað Akureyrar


Eitt af því sem spurt var um var hvort svarendur teldu koma til greina að millilenda á Húsavík í stað Akureyrar. Þar var mjög skýr meirihluti svarenda sem hafnaði þeirri hugmynd, eða 70% (sjá mynd 8). Þeir sem svöruðu öðru sögðu að það kæmi einungis til greina ef aðeins væri stoppað í örstutta stund. Einn sagði það ekki koma til greina vegna fleiri erinda til Akureyrar.




Mynd 8 - Millilenda á Húsavík í stað Akureyrar?

Bakgrunnsspurningar


Eins og venja er í spurningakönnunum var spurt um aldur, kyn og búsetu svarenda og má sjá niðurstöður þeirra spurningar hér á myndum 9, 10 og 11. Jafnframt var tekið saman á hvaða tungumáli svarendur svöruðu og má sjá það hér á mynd 12.




Mynd 9 - Kyn svarenda



Mynd 10 - Aldur svarenda



Mynd 11 - Búseta svarenda



Mynd 12 - Tungumál svarenda